



Reykjavík, 17. október 2018

SFS2018090095

146. fundur

HG/img

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla 2019

Á fundi borgarstjórnar 18. september 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um sumaropnun leikskóla

Borgarstjórn samþykkir að fela skóla- og frístundasviði að hefja undirbúning að tilraunaverkefni um að að jafnaði einn leikskóli í hverju hverfi skuli vera opin allt sumarið 2019.

Tillögunni fylgi greinargerð.

Fagskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur nú tekið við verkefninu og þegar hafa 6 leikskólastjórar samþykkt þátttöku. Það eru stjórnendur leikskólanna Rofaborgar í Árbæ/Grafarholti, Lyngheima í Grafarvogi, Aspar í Breiðholti, Björtuhlíðar í Miðborg/Hlíðum, Garðaborgar í Laugardal/Háaleiti og Gullborgar í Vesturbæ.

Fyrirhugað er að stjórnendur þáttökuleikskólanna myndi vinnuhóp til að undirbúa framkvæmdina með hagsmuni barna að leiðarljósi. Formaður hópsins verður Elísabet Helga Pálmadóttir þróunarfulltrúi á leikskólaskrifstofu en auk hennar situr í hópnum leikskólaráðgjafi. Meðal verkefna hópsins verður m.a:

- Skoða fyrirkomulag sumaropnunar leikskóla í nágrannasveitafélögum.
- Gera tillögu að verklagi og tímasetningu tilkynninga foreldra um að þeir ætli að nýta sér þjónustuna.
- Gera tillögu að fyrirkomulagi sumarafleysinga s.s. hvort er öll afleysing í opnu leikskólunum eða hvort afleysing komi með þeim börnum sem nýta þjónustuna.
- Gera tillögu að verklagi vegna barna með skilgreindan stuðning sem hugsanlega nýta þjónustuna
- Gera tillögu að verklagi við aðlögun barna að opnu leikskólunum
- Greina hvaða þætti þarf að meta í verkefninu og setja fram tillögu að mælikvörðum þar um.
- Kostnaðarmeta framkvæmdina.